

Ríkisendurskoðun

**Framkvæmd fjárlaga
janúar til september 1995**

Nóvember 1995

Efnisyfirlit

INNGANGUR	7
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	9
GREIÐSLUSTAÐA RÍKISSJÓÐS	13
AFKOMA AF REKSTRI	15
TEKJUR RÍKISSJÓÐS	17
SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLUN	17
SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR	18
GJÖLD RÍKISSJÓÐS	21
SAMANBURÐUR VIÐ ÁÆTLUN	21
SAMANBURÐUR VIÐ FYRRA ÁR	38
FRAMKVÆMD LÁNSFJÁRLAGA	43
FRUMVARP TIL FJÁRAUKALAGA FYRIR ÁRIÐ 1995	45
TEKJUR.....	47
GJÖLD	47

Töflur

Tafla 1. Lánsfjárhörf ríkissjóðs.....	13
Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs janúar til september.....	14
Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs janúar til september	15
Tafla 4. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlun janúar - september	17
Tafla 5. Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við fyrra ár.....	19
Tafla 6. Tekjur ríkissjóðs 1994 á verðlagi 1995	20
Tafla 7. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun.....	21
Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs eftir tegundum í samanburði við fyrra ár.....	38
Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár	39
Tafla 10. Lánsfjárhörf A-hluta ríkissjóðs.....	43
Tafla 11. Endurlán ríkissjóðs.....	44
Tafla 12. Áætlun um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1995	46
Tafla 13. Áætlun um gjaldaheimildir A-hluta ríkissjóðs á árinu 1995	47
Tafla 14. Samanburður fjáraukalaga og umframgreiðslna	48
Tafla 15. Samanburður fjáraukalaga og lækkun gjaldaheimilda	49

Myndir

Mynd 1.	Frávik einstakra ráðuneyta frá fjárheimildum janúar-september árið 1995 í m. kr.....	22
Mynd 2.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	23
Mynd 3.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	23
Mynd 4.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	24
Mynd 5.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	24
Mynd 6.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	25
Mynd 7.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	25
Mynd 8.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	26
Mynd 9.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	26
Mynd 10.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	27
Mynd 11.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	27
Mynd 12.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	28
Mynd 13.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	28
Mynd 14.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	29
Mynd 15.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	29
Mynd 16.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	30
Mynd 17.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	30
Mynd 18.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	31
Mynd 19.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	31
Mynd 20.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	32
Mynd 21.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	32
Mynd 22.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	33
Mynd 23.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	33
Mynd 24.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	34
Mynd 25.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	34
Mynd 26.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	35
Mynd 27.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	35
Mynd 28.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	36
Mynd 29.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	36
Mynd 30.	Hlutfallsleg nýting fjárheimilda	37
Mynd 31.	Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.	37

Inngangur

Eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar lögum samkvæmt er að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og gefa Alþingi skýrslu um það efni. Stofnunin ber í því sambandi saman áætlun fjárlaga um tekjur og gjöld ríkisins við greiðsluhreyfingar ársins og eru slíkar athuganir að öllu jöfnu framkvæmdar um mitt ár, í lok septembermánaðar og í árslok.

Fjárlög taka sem kunnugt er til ríkissjóðs og all flestra ríkisstofnana. Hins vegar ná greiðsluuppgjör ríkisbókhalds, sem lögð eru til grundvallar við athuganir Ríkisendurskoðunar aðeins til greiðslna í og úr ríkissjóði, þ.e. til hreyfinga á sjóði og banka- og viðskiptareikningum sem eru í umsjón ríkisféhirðis og ríkisbókhalds. Ýmsar stofnanir sem teljast til A-hluta fjárlaga hafa sjálfstæðan fjárhag og sýnir greiðsluuppgjör því aðeins framlög úr ríkissjóði til þeirra. Þá falla stofnanir B-hluta fjárlaga utan greiðsluuppgjöra nema að því leyti sem snertir framlög úr ríkissjóði. Af þessu leiðir m.a. að eftirlit með framkvæmd fjárlaga er ekki jafn yfirgripsmikið og æskilegt væri að mati Ríkisendurskoðunar.

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995 og er hún borin saman við áætlun innan ársins og afkomu á sama tímabili árið 1994. Enn fremur er gerð grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar. Að lokum er fjallað um frumvarp til fjáráaukalaga fyrir árið 1995 sem er til afgreiðslu á Alþingi.

Helstu niðurstöður

Lánsfjárförf ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995.

- Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995 var 36,9 milljarðar króna. Fjárförf á sama tímabili á árinu 1994 var 40,0 milljarðar króna eða 3,1 milljarði króna meiri. Áætlanir gerðu ráð fyrir að heildarlánsfjárförfin yrði 40,6 milljarðar króna eða 3,7 milljörðum króna minni en raun varð á.
- Lántökur ríkissjóðs námu 32,6 milljörðum króna samanborið við 30,6 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1994. Innlendar lántökur námu 14,0 milljörðum króna, en þær námu 15,7 milljörðum króna í fyrra. Innlendar lántökur urðu 1,7 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir. Þessu var mætt með aukinni erlendri lántöku en samtals nam hún 18,7 milljörðum króna í samanburði við 14,8 milljarða króna 1994. Erlendar lántökur eru 5,6 milljörðum króna meiri en ráðgert var fyrstu níu mánuði þessa árs.
- Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs var 21,1 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum 1995 samanborið við 18,2 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Er frávikid 2,9 milljarðar króna. Hrein lánsfjárförf var 2,3 milljörðum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1995 er fjármálaráðherra heimilt að taka lán að fjárhæð 21,9 milljarðar króna fyrir hönd ríkissjóðs og samkvæmt 3. gr. sömu laga að endurlána 8,3 milljarða króna. Í lok septembermánaðar var búið að endurlána 6,4 milljarða króna. Í 4. gr. er gert ráð fyrir að Byggingasjóður ríkisins og Byggingasjóður verkamanna taki lán innlanlands að fjárhæð 9,6 milljarðar króna. Í septemberlok hafði ríkissjóður veitt sjóðunum skammtímalán að fjárhæð 6,2 milljarðar króna, en þeir höfðu ekki tekið lán á árinu 1995 eins og fyrirhugað var.

Afkoma ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 1995.

- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs við greiðsluáætlanir samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi í septemberlok 1995 sýnir að:

- Halli af rekstri A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni nemur 11,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 1995. Er það 645 milljónum króna betri afkoma en áætlanir fyrir sama tímabil gerðu ráð fyrir. Tekjur námu 80,4 milljörðum króna og voru tæpum 1,0 milljarði króna yfir áætlun. Gjöld námu 92,1 milljarði króna og urðu 318 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Frávik innheimtra tekna kemur fram í því að beinir skattar voru 415 milljónum króna hærri en gert var ráð fyrir en auk þess voru óbeinir skattar um 171 milljón króna yfir áætlun. Þá urðu fjármunatekjur 381 milljón króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Þó svo að frávik gjalda frá greiðsluáætlun hafi aðeins numið 318 milljónum króna áttu sér stað 3,7 milljarða króna umframgreiðslur til stofnana. Skýrist það af óhöfnum framlögum er námu 3,4 milljörðum króna í lok september 1995.
- Handbært fé ríkissjóðs hækkaði um 1,0 milljarð króna, en áætlanir gerðu hins vegar ráð fyrir um 4,7 milljarða króna lækkun. Handbært fé varð þannig 5,7 milljörðum króna meira en áætlanir fyrstu níu mánuði ársins gerðu ráð fyrir
- Samanburður á afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995 við sama tímabili í fyrra leiddi eftirfarandi í ljós:
 - Halli af rekstri A-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni hefur aukist um 243 milljónir króna. Sé miðað við fast verðlag er hallinn minni í ár sem nemur 726 milljónum króna. Tekjur jukust um 2,3 milljarða króna að raungildi eða um 3,0%. Gjöld hækkuðu um 1,6 milljarða króna eða um 1,8% að raungildi.
 - Raunhækkun tekna má einkum rekja til þess að óbeinir skattar urðu 1,8 milljarði króna meiri en á sama tíma 1994 og að beinir skattar jukust um 490 milljónir króna.
 - Raunhækkun gjalda skýrist af auknum vaxtagjöldum að upphæð 1,2 milljarða króna og auknum rekstrarútgjöldum upp á 703 milljónir. Þá urðu útgjöld almannatrygginga 399 milljónum króna meiri á fyrstu níu mánuðum þessa árs en á sama tímabili 1994. Á móti lækkuðu launaútgjöld um 364 milljónir króna að raungildi sem skýrist fyrst og fremst af verkfalli kennara fyrr á þessu ári auk þess sem eignakaup minnkuðu um 393 milljónir.
 - Handbært fé A-hluta ríkissjóðs var 3,8 milljörðum króna herra í lok september 1995 en á sama tíma 1994. Hækkunin skýrist fyrst

og fremst af því að fjárþörf í ár varð 3,1 milljarði króna minni en á sama tíma í fyrra. Hins vegar voru lántökur nánast þær sömu bæði árin.

Frumvarp til fjárukalaga 1995.

- Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1995 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu 1995 um 2,3 milljarða króna. Þá heimilar frumvarpið viðbótargjaldaheimildir að fjárhæð 4,9 milljarðar króna. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga- og fjárukalaga verðu nýttar muni tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs nema 10,0 milljörðum króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,1 milljarður króna af gjaldaheimildum í árslok 1995 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs eða felldur niður. Að þessu gefnu er samkvæmt fjárukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 8,9 milljarðar króna sem er 1,5 milljarði króna meiri halli en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir.
- Í frumvarpi til fjárukalaga 1995 sem hér er til umfjöllunar er gert ráð fyrir 3,8 milljarða króna viðbótargjöldum. Er það svipuð fjárhæð og var búið að greiða umfram áætlun í septemberlok. Af þessu má ráða að stór hluti þeirra viðbótargjalda sem fjárukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir hafa þegar komið fram í lok september 1995.
- Eins og málum er háttað í dag er í ýmsum tilvikum sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til. Af þessu leiðir að staðfesting Alþingis á fjárukalögum svipar meira til formsatriða heldur en að þinginu sé gefinn raunverulegur kostur á að samþykkja eða hafna útgjöldum. Eðlilegt má telja að fjármálaráðherra sæki um fjárheimildir til Alþingis strax og tilefni gefst og Alþingi afgreiði þær með skjóttum hætti.
- Að því er varðar flutning van- og ofnýtttra fjárheimilda á milli ára er eðlilegt að ganga út frá því að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þar eru tilgreindar. Í flestum tilvikum má þá gera ráð fyrir að stofnanirnar nýti fjárheimildir sínar innan ársins. Sérstakar aðstæður geta hins vegar leitt til þess að útgjöld sem reiknað var með á árinu frestist til þess næsta (eða að ófyrirséð útgjöld falli til á árinu). Í því sambandi þarf að huga vel að því hvort fjárheimild stofnunar hafi einfaldlega verið of há miðað við eðlilegan rekstur á henni og fella heimildina þá niður. Eins kann að vera að hjá stofnun hafi verið stofnað til of mikilla útgjalda og því sé lagt til að hún byrji nýtt fjárhagsár í skuld. Sé því svo farið er nauðsynlegt að fram komi hvort ætla megi að stofnunin geti hagrætt í

rekstri til að mæta skertri fjárveitingu, eða hvort beinlínis sé ætlast til að dregið verði úr starfseminni.

Greiðslustaða ríkissjóðs

Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs nam 36,9 milljörðum króna tímabilið janúar til september 1995. Er það 3,1 milljarði króna meiri fjárförf en var á sama tímabili 1994. Áætlanir ársins gerðu ráð fyrir að heildarlánsfjárförf næmi 40,6 milljörðum króna sem er 3,7 milljörðum króna meira en raun varð á. Afborganir veittra lána ríkissjóðs voru 5,2 milljarðar króna sem er tæplega 400 milljónum króna lægri fjárhæð en á sama tíma 1994. Þannig var fjárförf ríkissjóðs án afborgana af teknum lánnum 31,6 milljarðar króna eða 1,7 milljörðum króna lægri en á sama tímabili 1994. Afborganir af teknum langtímalánum ríkissjóðs voru 10,5 milljarðar króna og er það 4,6 milljörðum króna lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður. Hrein lánsfjárförf í lok septembermánaðar 1995 nam 21,1 milljarði króna sem er 2,9 milljörðum króna meiri fjárförf en á sama tíma 1994.

Tafla 1. Lánsfjárförf ríkissjóðs

Í m.kr.	Fjárheimild 1995	Útkoma 1995	Útkoma 1994	Breyt. 94/95
Lánsfjárförf (brúttó)	40.583	36.860	39.945	(3.085)
-Afborganir veittra lána	7.112	5.231	5.626	395
-Niðurfelld lán	0	0	1.032	(1.032)
	33.471	31.629	33.287	(1.658)
-Afborganir tekinna lána	10.082	10.507	15.089	(4.582)
Hrein lánsfjárförf	23.389	21.122	18.198	2.924

Lántökur ríkissjóðs á fyrstu 9 mánuðum þessa árs námu 32,6 milljörðum króna í samanburði við 30,5 milljarða króna á sama tímabili 1994. Hlutur innlends lánsfjár í heildarlántökum ríkissjóðs í lok september 1995 var 43% samanborið við 51% á sama tíma í fyrra. Erlendar lántökur námu 18,7 milljörðum króna í samanburði við 14,8 milljarða króna 1994.

Lántökur til loka septembermánaðar urðu 3,8 milljörðum króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Gert var ráð fyrir að taka 15,7 milljarða króna að láni innanlands, en niðurstaðan varð 14,0 milljarðar króna. Tekin

voru erlend lán að upphæð 18,7 milljarðar króna en það er 5,6 milljörðum króna meiri lántaka en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt yfirliti ríkisbókhalds var 11,7 milljörðum króna ráðstafað til að mæta rekstrarhalla til loka septembermánaðar 1995. Er það 645 milljónum króna minna en gert var ráð fyrir. Afborganir af lánnum ríkissjóðs ásamt veittum lánnum námu 17,1 milljarði króna sem er 2,1 milljarði króna lægri fjárhæð en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ústreymi á viðskiptareikningi var um 650 milljónum króna meira en áformað var.

Í heild gerðu áætlanir ráð fyrir 4,7 milljarða króna lækkun á handbæru fé hjá A-hluta ríkissjóðs í lok septembermánaðar 1995. Í raun varð hins vegar eins milljarðs króna aukning á handbæru fé sem skýrist annars vegar af því að fjárförf var 3,7 milljörðum króna minni en áætlað var og hins vegar af því að lántökur urðu um 2,0 milljörðum króna meiri.

Tafla 2. Fjárstreymi ríkissjóðs janúar til september

Fjárh. í m.kr.	Reikn. 1995	Fjárheim. 1995	Frávik	Reikn. 1994	Frávik 94/95
Uppruni:					
Lántökur					
Spariskírteini	7.586	9.530	(1.944)	8.058	(472)
Ríkisbréf og -vixlar nettó	6.366	6.216	150	7.553	(1.187)
Önnur innlend fjáröflun	0	0	0	129	(129)
Erlendar lántökur	18.690	13.050	5.640	14.798	3.892
Lántökur alls	32.642	28.796	3.846	30.538	2.104
Afborganir veittra lána	5.231	7.112	(1.881)	5.626	(395)
Niðurfelldar kröfur	0	0	0	1.032	(1.032)
Uppruni alls	37.873	35.908	1.965	37.196	677
Ráðstöfun:					
Til rekstrar skv. yfirliti	11.699	12.344	(645)	11.457	242
Afborgun lána	10.507	10.082	425	15.089	(4.582)
Veitt lán	6.621	9.156	(2.535)	9.218	(2.597)
Hlutfjár. og stofnfé	45	355	(310)	183	(138)
Viðskiptareikn. (neikv.)	7.988	8.646	(658)	2.966	5.022
	36.860	40.583	(3.723)	38.913	(2.053)
Utan greiðsluhreyfinga	0	0	0	1.032	(1.032)
Ráðstöfun alls	36.860	40.583	(3.723)	39.945	(3.085)
Breyting á handbæru fé	1.013	(4.675)	5.688	(2.749)	3.762

Afkoma af rekstri

Samkvæmt yfirliti ríkisbókhalds um fjármál A-hluta ríkissjóðs námu tekjur 80,4 milljörðum króna til loka septembermánaðar þessa árs, en gjöld 92,1 milljarði króna. Halli af rekstri ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins var því 11,7 milljarðar króna á greiðslugrunni.

Tekjur ríkissjóðs jukust um 3,3 milljarða króna frá sama tíma í fyrra eða um 4,3%. Gjöld urðu 3,6 milljörðum króna hærrí eða sem nemur 4,0%. Afkoma ríkissjóðs versnaði þannig um 243 milljónir króna miðað við sama tímabil í fyrra.

Greiðsluáætlanir gerðu ráð fyrir að halli yrði 12,3 milljarðar króna eða um 650 milljónum króna meiri en raun varð á. Frávikið skýrist af því að tekjur urðu 1,0 milljarði króna meiri en talið var að myndu innheimtast. Gjöld urðu rúmlega 300 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tafla 3. Afkoma ríkissjóðs janúar til september

Í m.kr.	Útkoma 1995	Útkoma 1994	Breyt.	%	Framr. 1994	Raun- breyt.	%
Tekjur	80.376	77.047	3.329	4,3	78.043	2.333	3,0
Gjöld	92.075	88.503	3.572	4,0	90.468	1.607	1,8
Gjöld umfram tekjur	11.699	11.456	243		12.425	(726)	

Tekjur A-hluta ríkissjóðs á föstu verðlagi jukust um 2,3 milljarða króna eða um 3,0% að raungildi. Gjöld jukust um 1,6 milljarða króna eða um 1,8% að raungildi. Þannig minnkaði halli af rekstri A-hluta ríkissjóðs um 726 milljónir króna að raungildi milli fyrstu níu mánaða ársins 1994 og 1995.

Tekjur ríkissjóðs

Samanburður við áætlun

Innheimtar tekjur ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995 námu 80,4 milljörðum króna og voru tæpum 1,0 milljarði króna meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nemur frávikið 1,2%.

Tafla 4. Tekjur ríkissjóðs í samanburði við áætlun janúar - september

Í m.kr.	Útkoma	Áætlun	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	10.185	10.702	(517)	(4,8)
Tekjuskattur lögaðila	2.834	2.464	370	15,0
Eignarskattar einstaklinga	1.837	1.347	490	36,4
Eignarskattar lögaðila	982	890	92	10,3
Aðrir beinir skattar	440	460	(20)	(4,3)
Beinir skattar	16.278	15.863	415	2,6
Innflutnings- og vörugjöld	10.131	9.923	208	2,1
Virðisaukaskattur	29.165	28.527	638	2,2
Skattar af einkasöluvörum	4.680	4.935	(255)	(5,2)
Bifreiðaskattar	3.303	3.245	58	1,8
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.709	1.861	(152)	(8,2)
Tryggingagjald	8.073	8.251	(178)	(2,2)
Aðrir óbeinir skattar	1.179	1.327	(148)	(11,2)
Óbeinir skattar	58.240	58.069	171	0,3
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	3.737	3.463	274	7,9
Arðgreiðslur	1.882	1.775	107	6,0
Fjármunatekjur	5.619	5.238	381	7,3
Sala eigna	69	50	19	38,0
Ýmsar tekjur	169	192	(23)	(12,0)
Aðrar tekjur	238	242	(4)	(1,7)
Tekjur samtals	80.375	79.412	963	1,2

Innheimta á tekjuskatti einstaklinga er rúmum 517 milljónum króna minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mestu um að skattafsláttur og bótagreiðslur voru rúmum 600 milljónum króna hærri en áætlað var. Þá

hefur skattfrelsi á lífeyrisiðgjöldum sem samþykkt var á Alþingi í vor einnig áhrif til lækkunar. Á móti veга áhrif kjarasamninga á árinu.

Innflutnings- og vörugjöld voru 208 milljónum króna hærrí en áætlanir fjárlaga gerðu ráð fyrir. Innflutningsgjöld voru 164 milljónum króna lægri en áætlað var, en á móti vegur að vörugjöld af ökutækjum og bensíni voru um 335 milljónum króna hærrí en gert var ráð fyrir auk þess sem nýtt gjald, áfengisgjald, hefur skilað um 98 milljónum króna.

Tryggingagjald var 178 milljónum króna lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þetta frávik má fyrst og fremst rekja til breytinga á skilum ríkissjóðs á gjaldinu. Það er nú greitt á gjalddaga sem þýðir seinkun um einn mánuð miðað við fyrra ár.

Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur voru rúmlega 274 milljónum króna hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir og nemur frávikid 7,9%. Annars vegar voru dráttarvextir af ríkissjóðstekjum 340 milljónum króna lægri en áætlað var, en á móti vegur að vaxtatekur af langtímalánum voru tæplega 500 milljónum króna hærrí en gert var ráð fyrir.

Samanburður við fyrra ár

Fyrstu níu mánuði ársins 1995 námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 80,4 milljörðum króna sem er 3,3 milljörðum króna hærrí fjárhæð en á sama tímabili 1994. Nemur hækkunin 4,3%. Að raungildi hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 2,3 milljarða króna frá fyrra ári eða um 3,0%

Tafla 5. Tekjur ríkissjóðs janúar - september í samanburði við fyrra ár

Í m.kr.	Útkoma 1995	Útkoma 1994	Frávik	%
Tekjuskattur einstaklinga	10.185	10.007	178	1,8
Tekjuskattur lögaðila	2.834	2.191	643	29,3
Eignarskattar einstaklinga	1.837	1.814	23	1,3
Eignarskattar lögaðila	982	902	80	8,9
Aðrir beinir skattar	440	424	16	3,8
Beinir skattar	16.278	15.338	940	6,1
Innflutnings- og vörugjöld	10.131	9.101	1.030	11,3
Virðisaukaskattur	29.165	28.078	1.087	3,9
Skattar af einkasöluvörum	4.680	4.800	(120)	(2,5)
Bifreiðaskattar	3.303	3.133	170	5,4
Þinglýsingar- og stimpilgjöld	1.709	1.723	(14)	(0,8)
Tryggingagjald	8.073	7.749	324	4,2
Aðrir óbeinir skattar	1.179	1.421	(242)	(17,0)
Óbeinir skattar	58.240	56.005	2.235	4,0
Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	3.737	3.522	215	6,1
Arðgreiðslur	1.882	1.926	(44)	(2,3)
Fjármunatekjur	5.619	5.448	171	3,1
Sala eigna	69	52	17	32,7
Ýmsar tekjur	169	203	(34)	(16,7)
Aðrar tekjur	238	255	(17)	(6,7)
Tekjur samtals	80.375	77.046	3.329	4,3

Tekjuskattur lögaðila jókst um 643 milljónir króna á milli ára eða um 29,3%. Þessi aukning sýnir að afkoma fyrirtækja í landinu hélt áfram að batna á síðasta ári. Tekjuskattur einstaklinga hækkaði um 178 milljónir króna á milli ára eða um 1,8%. Staðgreiðsla yfirstandandi árs var rúmum 700 milljónum króna hærrí nú en á sama tíma í fyrra. Á móti vegur hins vegar að bótagreiðslur voru tæplega 440 milljónum króna hærrí nú en í fyrra og munar þar mest um vaxtabætur.

Innheimta innflutnings- og vörugjalda var rúmum milljarði hærrí fyrstu níu mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Aukningin kemur fyrst og fremst fram í vörugjaldi af ökutækjum, en tekjur af því jukust um tæplega fjórðung á milli ára eða um 350 milljónir króna. Hluta af þessari hækkun má rekja til sérstaks átaks í vegagerð. Þá jukust tekjur af vörugjöldum af bensíni um 467 milljónir króna. Þessa hækkun má alfarið rekja til breytinga á bókun greiðslufrests olúfélaganna vegna

innflutnings. Nú er allur innflutningur tekjufærður strax, en áður var hann tekjufærður við greiðslu.

Innheimta virðisaukaskatts á fyrstu níu mánuðum ársins 1995 nam 29,2 milljörðum króna sem er rúmlega einum milljarði króna hærrí fjárhæð en innheimtist sömu mánuði 1994. Nemur frávikið 3,9%. Virðisaukaskattur af innfluttum vörum jókst um 2,3 milljarða króna miðað við fyrra ár eða um 14%. Hins vegar minnkuðu tekjur af virðisaukaskatti af vöru og þjónustu innanlands um 1,3 milljarða króna eða um 9,8%.

Eins og áður hefur komið fram hafa tekjur ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins 1995 aukist að raungildi um 2,3 milljarða króna miðað við sömu mánuði ársins 1994 eða sem nemur 3,0%.

Tafla 6. Tekjur ríkissjóðs 1994 á verðlagi 1995

Í milljónum króna	Útkoma 1995	Framreikn. 1994	Frávik	%
Beinir skattar	16.278	15.788	490	3,1
Óbeinir skattar	58.240	56.466	1.774	3,1
Fjármunatekjur	5.619	5.530	89	1,6
Aðrar tekjur	238	259	(21)	(8,1)
Tekjur samtals	80.375	78.043	2.332	3,0%

Af beinum sköttum var samdráttur mestur í tekjuskatti einstaklinga, en hann lækkar að raungildi um tæpar 200 milljónir króna eða 1,9%. Á móti vegur 610 milljóna króna eða 27,5% raunhækkun á tekjuskatti lögaðila.

Af óbeinum sköttum var aukningin mest í vörugjöldum, en þau jukust að raungildi um 1,2 milljarða króna eða um 15,2%. Hér vegur þungt breyting á tekjufærslu á vörugjaldi af bensíni sem áður er lýst. Tekjur af virðisaukaskatti jukust að raungildi um rúman 1,0 milljarð króna eða um 3,7%. Þá aukningu má fyrst og fremst rekja til meiri innflutnings.

Gjöld ríkissjóðs

Samanburður við áætlun

Útgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga til loka septembermánaðar 1995 námu 92,1 milljarði króna. Frávik frá áætlun er óverulegt. Á sama tímabili árið 1994 voru útgjöld rúmlega 500 milljónum króna meiri en áætlanir sögðu til um.

Tafla 7. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við áætlun


Í m.kr.	Greitt 1995	Heimild 1995	Frávik	%	Umfram greitt	Óhafin framlög
Æðsta stjórn ríkisins	1.014	958	56	5,8	65	9
Forsætisráðuneyti	635	653	(18)	(2,8)	50	67
Menntamálaráðuneyti	12.246	12.465	(219)	(1,8)	534	753
Útanríkisráðuneyti	1.363	1.446	(83)	(5,7)	102	186
Landbúnaðarráðuneyti	5.351	5.494	(143)	(2,6)	25	167
Sjávarútvegsráðuneyti	809	822	(13)	(1,6)	26	38
Dóms- og kirkjum.rn.	4.290	4.670	(380)	(8,1)	45	425
Félagsmálaráðuneyti	7.269	7.088	181	2,6	559	378
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	36.108	34.539	1.569	4,5	1812	244
Fjármálaráðuneyti	13.856	14.220	(364)	(2,6)	327	690
Samgönguráðuneyti	7.562	7.746	(184)	(2,4)	61	246
Iðnaðarráðuneyti	807	858	(51)	(5,9)	34	85
Viðskiptaráðuneyti	128	124	4	3,2	13	9
Hagstofa Íslands	114	111	3	2,7	3	0
Umhverfisráðuneyti	523	563	(40)	(7,1)	27	67
	92.075	91.757	318	0,3	3.682	3.363

Umframgreiðslur A-hluta stofnana og viðfangsefna á fyrstu níu mánuðum ársins námu 3,7 milljörðum króna. Frávik í ár eins og á undanförunum árum liggur einkum í rekstri almannatryggingakerfisins. Þá hafa greiðslur umfram áætlanir átt sér stað hjá Atvinnuleysis-tryggingasjóði, Framkvæmdasjóði fatlaðra og vegna vaxtagjalda. Á móti umframgreiðslum voru óhafin framlög að fjárhæð 3,4 milljarðar króna. Óhafin framlög eru einkum hjá menntamálaráðuneyti vegna mennta- og framhaldsskóla og Lánasjóð íslenskra námsmanna, dóms- og

kirkjumálaráðuneyti og hjá fjármálaráðuneyti vegna útgjalda samkvæmt heimildaákvæðum, ríkisábyrgða og tjónabóta.

Í 41.gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum. Í septemberlok höfðu 40 fjárlagaliðir farið umfram heildarfjárheimildir ársins og er u.þ.b. helmingurinn af þeim ríkisstofnanir.

Mynd 1. Frávik einstakra ráðuneyta frá fjárheimildum janúar-september 1995 í m. kr.




Hér á eftir fara skýringar á helstu frávikum útgjalda frá greiðsluáætlun hjá einstökum ráðuneytum tímabilið janúar - september 1995. Tekið skal fram að myndir sem birtar eru hér á eftir sýna uppsöfnuð frávik frá áætlun fjárlaga, en ekki greiðslufrávik í hverjum einstökum mánuði.

Æðsta stjórn ríkisins


Fjárheimild ársins 1995 nemur 1.299 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.014 milljónir verið greiddar í lok september eða 78,0%. Eins og sést á mynd 2 hér að neðan voru greiðslur vegna æðstu stjórnar ríkisins innan fjárheimilda nær allan fyrri helming ársins, en hins vegar hefur verið greitt umfram heimildir frá og með júlí. Í lok september höfðu verið greiddar alls um 56 milljónir króna umfram heimildir eða sem nemur 5,8%.

Mynd 2. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Á mynd 3 eru frávík greind. Þar sést að umframgreiðslur æðstu stjórnar ríkisins eru nær alfarið vegna þriggja liða þ.e. Alþingis, byggingarframkvæmda á Bessastöðum og Lýðveldissjóðs.


Mynd 3. Greining á frávíki frá fjárheimild í m.kr.



Forsætisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 842 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 635 milljónir verið greiddar í lok september eða 75,5%. Forsætisráðuneytið hefur haldið sig innan greiðsluheimilda allt tímabilið eins og fram kemur á mynd 4. Í lok september var ráðuneytið 18 milljónir króna undir heimildum eða sem nemur 2,8%.

Mynd 4. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að forsætisráðuneytið hefur verið innan fjárheimilda er sú að áætlað framlag til Byggðastofnunar vegna byggða- aðstoðar frestaðist þar sem ákveðin skilyrði fyrir aðstoðinni höfðu ekki verið uppfyllt.


Mynd 5. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Menntamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 17.465 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 12.246 milljónir verið greiddar í lok september eða 70,3%. Menntamálaráðuneytið hefur verið innan fjárheimilda allt tímabilið eins og fram kemur á mynd 6. Í lok september var ráðuneytið rúmar 219 milljónir króna undir heimildum eða sem nemur 1,8%.

Mynd 6. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að menntamálaráðuneytið hefur verið verulega innan greiðsluheimilda er 6 vikna verkfall kennara í febrúar og mars. Eins og sést á neðangreindri mynd hafa greiðslur vegna grunnskóla hins vegar farið fram úr heimildum sem rekja má til aukins rekstrarkostnaðar þeirra.


Mynd 7. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Utanríkisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 1.883 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 1.363 milljónir verið greiddar í lok september eða 72,4%. Utanríkisráðuneytið fór í heild fram úr heimildum í mars- og maímánuði, en aðra mánuði var greiðsluheimild ekki nýtt að fullu eins og sést á mynd 8. Í lok september var ráðuneytið rúmar 83 milljónir króna undir heimildum eða sem nemur 5,7%.

Mynd 8. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að utanríkisráðuneytið hefur verið nokkuð innan fjárheimilda eru minni greiðslur til alþjóðastofnana og þróunarmála en áætlað var.


Mynd 9. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Landbúnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 6.968 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 5.351 milljónir verið greiddar í lok september eða 76,8%. Landbúnaðarráðuneytið fór í janúar fram úr heimild í heild sinni, en aðra mánuði til septemberloka var greiðsluheimild ekki nýtt að fullu eins og fram kemur á mynd 10. Í lok september var ráðuneytið rúmum 143 milljónir króna undir heimildum eða sem nemur 2,6%.

Mynd 10. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Eins og sést á neðangreindri mynd er meginskýringin á því að landbúnaðarráðuneytið hefur verið verulega innan greiðsluheimilda sú að greiðslur vegna búvöruframleiðslu (sauðfjár- og mjólkurframleiðslu) eru minni en fjárlög gerðu ráð fyrir.


Mynd 11. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Sjávarútvegsráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 1.183 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 809 milljónir verið greiddar í lok september eða 68,4%. Sjávarútvegsráðuneytið hefur verið innan fjárheimilda allt tímabilið eins og fram kemur á mynd 12. Í lok september var ráðuneytið rúmar 13 milljónir króna undir fjárheimildum eða sem nemur 1,6%.

Mynd 12. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að sjávarútvegsráðuneytið hefur verið verulega innan heimilda er að minna hefur orðið úr fjárveitingum af liðnum „05-190 Ýmis verkefni“ en fjárlög gerðu ráð fyrir. Aðalskrifstofa ráðuneytisins og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins eru hins vegar komnar meira en 20% fram úr fjárheimildum.


Mynd 13. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Dóms- og kirkjumálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 6.122 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 4.290 milljónir verið greiddar í lok september eða 70,1%. Dómsmálaráðuneytið fór í heild sinni fram úr heimildum fyrstu þrjá mánuði ársins, en frá apríl til septemberloka var greitt minna en heimildir sögðu til um. Í lok september var ráðuneytið rúmar 380 milljónir króna undir fjárheimildum eða sem nemur 8,1%.

Mynd 14. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því dóms- og kirkjumálaráðuneytið er innan heimilda er sú að greiðslur vegna byggingar og innréttingar Hæstaréttarhúss eru minni en fjárlög gerðu ráð fyrir, en auk þess eru greiðslur vegna nýju þyrlu Landhelgisgæslunnar ekki í samræmi við þær áætlanir sem fjárlög byggðu á.


Mynd 15. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Félagsmálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 9.620 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 7.269 milljónir verið greiddar í lok september eða 75,5%. Félagsmálaráðuneytið hefur í heild sinni farið fram úr fjárheimildum alls fimm af níu mánuðum ársins eins og fram kemur á mynd 16. Í lok september var ráðuneytið rúma 181 milljón króna undir fjárheimild eða sem nemur 2,6%.

Mynd 16. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á umframgreiðslum félagsmálaráðuneytisins felst í meiri útgjöldum vegna atvinnuleysisbóta og hefur frávik vegna þessa farið vaxandi. Í lok september höfðu verið greiddar atvinnuleysisbætur að upphæð 382 milljónir króna umfram fjárheimildir.


Mynd 17. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 47.017 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 36.108 milljónir verið greiddar í lok september eða 76,8%. Ráðuneytið hefur farið fram úr fjárheimildum alla mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 18. Í lok september var ráðuneytið rúmar 1.569 milljónir króna yfir heimildum eða sem nemur 4,5%.

Mynd 18. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið hefur farið fram úr fjárheimildum er sú að greiðslur vegna lífeyris- og sjúkratrygginga eru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þess má geta að útgjöld til þessa málaflokks eru með svipuðum hætti og þau voru á árinu 1994.


Mynd 19. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Fjármálaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 17.101 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 13.856 milljónir verið greiddar í lok september eða 81,0%. Ráðuneytið hefur verið innan heimilda það sem af er árinu eins og fram kemur á mynd 20. Í lok september var ráðuneytið rúmar 363 milljónir króna undir fjárheimildum eða sem nemur 2,6%.

Mynd 20. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að fjármálaráðuneytið hefur verið innan heimilda er sú að minna hefur verið greitt út en til stóð vegna heimildarákvæða sbr. 6. gr. fjárlaga. Þá hafa uppbætur á lífeyri og ríkisábyrgðir verið lægri en ráð var fyrir gert. Á móti kemur að meira hefur verið greitt út vegna vaxtakostnaðar.


Mynd 21. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Samgönguráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 9.219 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 7.562 milljónir verið greiddar í lok september eða 82,0%. Ráðuneytið hefur verið innan heimilda það sem af er árinu að undanskyldum mars- og júlímánuði eins og fram kemur á mynd 22. Í lok september var ráðuneytið 184 milljónir króna undir fjárheimildum eða sem svarar 2,4%.

Mynd 22. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að samgönguráðuneytið er innan fjárheimilda er sú að greiðslur Vegagerðarinnar eru minni en til stóð. Þessi staða breyttist hins vegar í október þegar Vegagerðin notaði þessar fjárheimildir sínar.


Mynd 23. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Iðnaðarráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 1.126 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 807 milljónir verið greiddar í lok september eða 71,7%. Ráðuneytið hefur verið innan heimilda stærstan hlutann af árinu að undanskilyldum janúar- og marsmánuði eins og fram kemur á mynd 24. Í lok september var ráðuneytið rúma 51 milljón krónaundir fjárheimildum eða sem svarar 5,9%.

Mynd 24. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að iðnaðarráðuneytið er innan heimildar er sú að ekki hefur enn verið greitt út vegna styrkingar á orkudreifikerfum í sveitum (Orkumál) og vegna Orkusjóðs.


Mynd 25. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Viðskiptaráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 180 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 128 milljónir verið greiddar í lok september eða 71,1%. Ráðuneytið hefur verið innan fjárheimildar það sem af er árinu ef frá er talinn janúarmánuður eins og fram kemur á mynd 26. Í lok september hafði ráðuneytið greitt rúmar 4 milljónir króna yfir fjárheimildir eða sem svarar 3,2%.

Mynd 26. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að viðskiptaráðuneytið hefur farið fram úr heimild er einkum sú að greiðslur vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins hafa verið meiri en til stóð, en m.a. var engin fjárheimild áætluð fyrir fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytisins.


Mynd 27. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Hagstofa Íslands


Fjárheimild ársins 1995 nemur 151 milljón króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 114 milljónir verið greiddar í lok september eða 75,3%. Hagstofan hefur farið fram úr heimildum það sem af er árinu ef frá eru taldir janúar-, mars- og ágúst mánuðir eins og fram kemur á mynd 28. Í lok september hafði Hagstofan greitt 3 milljónir króna yfir fjárheimild eða sem nemur 2,7%.

Mynd 28. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Þar sem Hagstofan samanstendur einungis af tveimur viðfangsefnum er engin þörf á frekari skýringum á frávikum.


Mynd 29. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Umhverfisráðuneyti


Fjárheimild ársins 1995 nemur 769 milljónum króna. Af þeirri fjárhæð höfðu 523 milljónir verið greiddar í lok september eða 71,1%. Ráðuneytið fór í heild sinni fram úr heimildum á tímabilinu febrúar - maí, en það hefur verið innan heimilda aðra mánuði ársins eins og fram kemur á mynd 30. Í lok september var ráðuneytið rúmar 40 milljónir króna innan heimilda eða sem nemur 7,1%.

Mynd 30. Hlutfallsleg nýting fjárheimilda



Meginskýringin á því að umhverfisráðuneytið hefur verið innan fjárheimilda síðustu mánuði er sú að Skipulagsstjóri ríkisins hefur greitt minna en til stóð. Sérstaka athygli vekja hins vegar stigvaxandi greiðslur aðalskrifstofunnar og Náttúrufræðistofnunar umfram fjárheimildir, en báðir þessir aðilar eru komnir meira en 20% fram úr þeim.

Mynd 31. Greining á fráviki frá fjárheimild í m.kr.



Samanburður við fyrra ár

Gjöld A-hluta ríkissjóðs námu 92,1 milljarði króna til loka septembermánaðar 1995. Er það 3,6 milljörðum króna hærra upphæð en á sama tíma 1994. Hlutfallslega er hallinn 4,0%. Að raungildi hækkuðu gjöld um 1,6 milljarða króna eða 1,8%.

Tafla 8. Útgjöld ríkissjóðs eftir tegundum í samanburði við fyrra ár

Í m.kr.	Útkoma		Breyt.	Framr.			
	1995	1994		%	1994	Breyt.	%
Laun	21.141	20.738	403	1,9	21.505	(364)	(1,7)
Rekstur	21.303	20.300	1.003	4,9	20.600	703	3,4
Tilfærslur	16.767	16.496	271	1,6	16.740	27	0,2
Almannatryggingar	21.043	20.035	1.008	5,0	20.644	399	1,9
Vaxtagjöld	10.876	9.636	1.240	12,9	9.641	1.235	12,8
Eignakaup	945	1.298	(353)	(27,2)	1.338	(393)	(29,4)
	92.075	88.503	3.572	4,0	90.468	1.607	1,8

Um breytingar á einstökum liðum er þetta að segja:

- Launaútgjöld stofnana í A-hluta fjárlaga lækkuðu að raungildi um 364 milljónir króna. Meginskýringin felst í verkfalli kennara fyrr á árinu. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa atriðis auk eingreiðslna og afturvirkra launahækkana má ætla að launaútgjöld hafi aukist að raungildi um 2,6% milli tímabilanna janúar til september 1994 til 1995.
- Rekstrarútgjöld hafa hækkað að raungildi um 703 milljónir króna eða um 3,4% milli fyrstu níu mánaða árana 1994 og 1995. Hækkun rekstrarútgjalda má einkum rekja til heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytis sem skýrir um 80% hennar.
- Tilfærslur voru að raungildi svo til óbreyttar á milli árana 1994 og 1995 til loka septembermánaðar. Hins vegar voru nokkrar tilfærslur á milli einstakra liða. Þar má nefna húsaleigubætur og tilfærslur vegna EES sammings sem ekki voru greiddar á árinu 1994. Á móti kemur að tilfærslur vegna hafnarmála lækkuðu á milli árana svo til um sömu fjárhæð eða um 300 milljónir króna.
- Greiðslur til almannatrygginga hækkuðu að raungildi um tæpar 400 milljónir króna eða 1,9%. Af hækkuninni gekk 3/4 hluti til lífeyristrygginga og 1/4 hluti er til kominn vegna sjúkratrygginga.

- Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs urðu 1,2 milljörðum króna hærrí en á sama tímabili í fyrra. Innlendar vaxtagreiðslur námu 3,7 milljörðum króna í septemberlok 1995 og vaxtagreiðslur vegna erlendra lána voru um 7,1 milljarður króna.
- Eignakaup minnkuðu um 393 milljónir króna að raungildi. Lækkunin skýrist einkum af greiðslum vegna þyrlukaupa, en þær urðu 270 milljónum króna lægri í ár en á sama tímabili í fyrra. Þá lækkaði framlag til fasteignakaupa hjá fjármálaráðuneyti um 370 milljónir króna og önnur eignakaup jukust um 250 milljónir króna.

Útgjöld ráðuneyta breyttust með eftirfarandi hætti fyrstu níu mánuði ársins 1995 m.v. sama tímabil 1994. Rétt er að hafa í huga að almenn hækkun verðlags milli tímabilanna varð um 1,5%.

Tafla 9. Útgjöld ríkissjóðs í samanburði við fyrra ár

Í m.kr.	Útkoma 1995	Útkoma 1994	Breyt.	%
Æðsta stjórn ríkisins	1.014	830	184	22,2
Forsætisráðuneyti	635	522	113	21,6
Menntamálaráðuneyti	12.246	12.280	(34)	(0,3)
Utanríkisráðuneyti	1.363	1.235	128	10,4
Landbúnaðarráðuneyti	5.351	5.476	(125)	(2,3)
Sjávarútvegsráðuneyti	809	644	165	25,6
Dóms- og kirkjum.rn.	4.290	4.423	(133)	(3,0)
Félagsmálaráðuneyti	7.269	6.708	561	8,4
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	36.108	34.196	1.912	5,6
Fjármálaráðuneyti	13.856	13.042	814	6,2
Samgönguráðuneyti	7.562	7.768	(206)	(2,7)
Iðnaðarráðuneyti	807	786	21	2,7
Viðskiptaráðuneyti	128	113	15	13,3
Hagstofa Íslands	114	104	10	9,6
Umhverfissráðuneyti	523	376	147	39,1
	92.075	88.503	3.572	4,0

Skýringar á helstu breytingum á útgjöldum einstakra ráðuneyta eru eftirfarandi:

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins jukust um 184 milljónir króna eða um 22,2%. Skýrist það af tæplega 90 milljónum króna greiðslu vegna Lýðveldissjóðs, en ekki voru neinar greiðslur vegna þessa verkefnis á árinu 1994. Til Alþingis hafa greiðslur í ár hækkað um 100 milljónir króna m.a. vegna sumarpings.

Útgjöld forsætisráðuneytis hækkuðu um 113 milljónir króna eða um 21,6%. Greiðslur til Bygðastofnunar urðu 234 milljónum króna hærrí

í ár vegna svokallaðrar Vestfjarðaraðstoðar, en á móti lækkuðu greiðslur vegna Lýðveldishátíðar um 120 milljónir króna.

Útgjöld menntamálaráðuneytis voru svo til óbreytt í krónutölu, en þau lækkuðu um 34 milljónir króna eða sem svarar til 0,3%. Helstu breytingar til lækkunar stafa af lokauppgjöri ríkissjóðs við sveitarfélög frá árinu 1986 vegna verkaskiptingar, en greiðslur vegna þessa námu 7 milljónum króna í ár í samanburði við 324 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Þá hafa greiðslur vegna Þjóðarbókhlöðu, Landsbókasafns og Háskólabókasafns lækkað um tæpar 80 milljónir króna milli ára og greiðslur vegna ýmissa stofn- og viðhaldsverkefna um 70 milljónir króna. Á móti hafa greiðslur til Alþjóðasamskipta hækkað um tæpar 55 milljónir króna, greiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa hækkað um 244 milljónir króna og til Háskóla Íslands um 235 milljónir króna.

Útgjöld utanríkisráðuneytis jukust um 128 milljónir króna eða um 10,4%. Skýrist það af auknum greiðslum vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins að fjárhæð 62 milljónir króna, nýs sendiráðs í Peking sem jók útgjöld um 20 milljónir króna og vegna ýmissa utanríkismála alls 27 milljónir króna.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis lækkuðu um 125 milljónir króna eða um 2,3%. Lækkunin skýrist af því að sérstakar greiðslur í tengslum við niðurgreiðslur á nauta-, svína-, hænsna- og alifuglaafurðum urðu um 51 milljón króna minni en á síðasta ári. Þá lækkuðu greiðslur til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um 44 milljónir króna og framlög vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu lækkuðu um sömu fjárhæð.

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis hækkuðu um 165 milljónir króna eða um 25,6%. Skýrist það fyrst og fremst af auknum greiðslum til Hafrannsóknastofnunar.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis lækkuðu um 133 milljónir króna eða um 3,0%. Greiðslur til Landhelgisgæslu í tengslum við þyrlukaup lækkuðu um 271 milljón króna, en á móti hækkuðu greiðslur vegna nýbyggingar fyrir Hæstarétt um 34 milljónir króna og vegna fangelsisbyggingar um 40 milljónir króna. Þá hækkuðu útgjöld um 20 milljónir króna vegna Alþingiskosninga í vor.

Útgjöld félagsmálaráðuneytis hækkuðu um 560 milljónir króna eða um 8,3%. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkuðu um 243 milljónir króna, til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 140 milljónir króna, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 120 milljónir króna og greiðslur til húsaleigubóta lækkuðu um 159 milljónir króna. Á móti hafa greiðslur til Byggingasjóðs verkamanna lækkað um 175 milljónir króna.

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkuðu um 1,9 milljarða króna eða um 5,6%. Greiðslur til almannatrygginga urðu rúmum 1,0 milljarði króna hærri í ár en á sama tímabili í fyrra og greiðslur til sjúkrahúsa tæpum 780 milljónum króna hærri. Af auknum greiðslur til sjúkrahúsa voru tæpar 560 milljónir króna vegna fjögurra stærstu sjúkrahúsa landsins.

Útgjöld fjármálaráðuneytis hækkuðu um 815 milljónir króna eða um 6,2%. Skýrist það einkum af hækkun vaxtagreiðslna, en þær námu 10,9 milljörðum króna í lok september sl. samanborið við 9,6 milljarða króna á sama tíma í fyrra. Á móti hafa greiðslur vegna fasteignakaupa og reksturs þeirra lækkað um 413 milljónir króna.

Útgjöld samgönguráðuneytis lækkuðu um 206 milljónir króna eða um 2,7%. Lækkunin skýrist einkum af 235 milljóna króna lægri greiðslum til Hafnarmála og því að greiðslur til Flugmála lækkuðu um 131 milljón króna. Á móti hafa greiðslur til Ferðamálaráðs hækkað um tæpar 30 milljónir króna og til Vegamála um 156 milljónir króna.

Útgjöld umhverfisráðuneytis hækkuðu um 147 milljónir króna eða um 39,1%. Skýrist það einkum af flutningi Hollustuverndar ríkisins frá heilbrigðisráðuneytinu yfir til umhverfisráðuneytis, en það eykur útgjöld um 64 milljónir króna. Þá aukast útgjöld hjá Skipulagsstjóra ríkisins um 21 milljón króna og útgjöld vegna ýmissa verkefna hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins aukast um 47 milljónir króna.

Framkvæmd lánsfjárlaga

Samkvæmt 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1995 er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 21,9 milljarða króna. Í 6. grein laganna er kveðið á um að lántökur skuli fara fram innanlands eða erlendis. Af heildarlánsfjárförfinni er fjármálaráðherra heimilt skv. 3. grein að endurlána 8,3 milljarða króna.

Á árinu 1995 er áætlað að afborganir af veittum lánnum ríkissjóðs nemi tæpum 7,4 milljörðum króna. Þannig er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki ný lán vegna endurlána að fjárhæð 960 milljónir króna á árinu 1995 þegar tekið hefur verið tillit til innheimtra afborgana, en endurlán nema í heild sinni 8,3 milljörðum króna eins og að framan greinir.

Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1995 nemur 20,9 milljörðum króna og skiptist hún þannig:

Tafla 10. Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs

Í m.kr.	
Greiðsluhalli vegna rekstrar	7.436
Hluta- og stofnfjárframlög	500
Viðskiptareikningur	500
Afborganir tekinnna lána ríkissjóðs	12.500
Lánsfjárförf A-hluta	<u>20.936</u>

Til septemberloka 1995 nam lántaka ríkissjóðs 31,2 milljörðum króna. Til viðbótar námu lántökur ríkissjóðs vegna aðila utan hans að frádregnum afborgunum af veittum lánnum 1,4 milljörðum króna. Samtals námu lántökurnar því 32,6 milljörðum króna. Til samanburðar námu lántökur ríkissjóðs á sama tíma árið 1994 um 26,9 milljörðum króna. Hreinar lántökur vegna endurlána námu 3,6 milljörðum króna og voru því heildarlántökur 30,5 milljarðar króna til loka septembermánaðar 1994.

Í lok septembermánaðar 1995 var búið að endurlána þrjá fjórðu hluta af heimiluðum lánnum eða 6,4 milljarða króna. Skiptist sú upphæð þannig:

Tafla 11. Endurlán ríkissjóðs

Í m.kr.	Laga-heimild	Láns-fjárlög	Afgreitt
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3. gr.	3.800	3.700
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	3. gr.	2.380	2.260
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	3. gr.	1.980	282
Alþjóðaflugþjónustan	3. gr.	150	0
Íþróttasamband Íslands	5. gr.	40	40
Silfurlax hf.	14. gr.	50	50
Borgarsjóður Vestmannaeyja	5. gr.	61	62
Víkurlax hf.	11. gr.	11	11
Sveinseyrarlax hf.	11. gr.	36	36
	Samtals	8.508	6.441

Í 4. grein lánsfjárlaga fyrir árið 1995 er gert ráð fyrir að Byggingasjóður ríkisins og Byggingasjóður verkamanna taki ný lán innanlands að fjárhæð 9,6 milljarðar króna. Til septemberloka hafði ríkissjóður veitt byggingasjóðunum skammtímalán að fjárhæð 6,2 milljarða króna, en sjóðirnir höfðu sjálfir ekki aflað neinna lána á árinu 1995. Í árslok 1993 og í ársbyrjun 1994 veitti ríkissjóður byggingasjóðunum langtímalán að fjárhæð 4,4 milljarðar króna. Af þessu má ráða að áætlun lánsfjárlaga frá árinu 1993 um að byggingasjóðirnir önnuðust sjálfir lánsfjáröflun innanlands hafi brugðist.

Frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1995

Breytingar geta orðið með tvennum hætti á fjárheimildum stofnana eins og þær voru samþykktar í fjárlögum. Í fyrsta lagi geta heimildir verið fluttar milli fjárlagaliða s.s. vegna sérstakrar þróunar í launa- og verðlagsmálum, heimildarákvæða sem leiða af 6. gr. fjárlaga og ríkisstjórnarákvarðana. Í annan stað getur Alþingi samþykkt fjárukalög.

Samkvæmt venju er frumvarp til fjárukalaga fyrir yfirstandandi ár lagt fram að hausti og afgreitt frá Alþingi undir lok ársins. Í fjárukalögum er tekjuáætlun fjárlaga leiðrétt og leitað er eftir heimildum til viðbótarútgjalda og flutnings á fjárheimildum milli ára. Fyrir nokkrum árum var sú nýbreytni tekin upp að heimila tilflutning á ónotuðum fjárheimildum ríkisstofnana sem veittar voru til almenns rekstrar á milli ára á sama hátt og gilt hafði með óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds. Skilyrði fyrir þessum tilflutningi var þó að sparnaður hefði náðst með hagræðingu en ekki skerðingu á þjónustu.

Eftir áramót eru síðan svokölluð uppgjörsfjárukalög afgreidd frá Alþingi þegar endanleg rekstrarniðurstaða ríkissjóðs liggur fyrir.

Í athugasemd við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 1995 segir m.a.:

„Í þjóðhagsáætlun sem lögð var til grundvallar fjárlögum ársins 1995 var gert ráð fyrir að talsverður bati yrði á flestum sviðum efnahagslífsins eftir langvinna efnahagslægd. Í samræmi við þær spár var gert ráð fyrir auknum kaupmátti ráðstöfunartekna heimilanna og heldur minna atvinnuleysi en á árinu 1994. Talið var að efnahagsbatinn mundi styrkja tekjuhlið ríkissjóðs talsvert auk þess að veða upp áhrif ýmissa skattalækkana. Í fjárlögunum var stefnt að því að nýta tekjuaukann að hluta til þess að draga úr halla á ríkissjóði og að hluta til aðgerða í atvinnumálum með sérstöku framkvæmdaátaki í vegagerð. Við setningu fjárlaga ríkti hins vegar nokkur óvissa um áhrif kjarasamninga, þar sem flestir kjarasamningar voru lausir í byrjun ársins 1995. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að niðurstaða samninganna yrði í takt við áætlaðan hagvöxt og samrýmdist þannig áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum og stefnumiðum um minni halla á

ríkissjóði. Að teknu tilliti til þessara horfa voru fjárlög ársins 1995 afgreidd með 7,4 milljarða króna halla.“

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist um 2,3 milljarða króna á árinu. Þá heimilar það fjármálaráðherra að auka útgjöld um 4,9 milljarða króna umfram heimildir fjárlaga 1995. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga- og fjáraukalaga 1995 verði nýttar muni tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 10,0 milljarðar króna. Fjármálaráðherra gerir hins vegar ráð fyrir að 1,1 milljarður króna af gjaldaheimildum í árslok 1995 verði ekki nýttur í ár heldur fluttur til næsta árs eða felldur niður. Að þessu gefnu er samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 8,9 milljarðar króna sem er 1,5 milljarði króna meira en fjárlög ársins 1995 gerðu ráð fyrir.

Tafla 12. Áætlun um afkomu A-hluta ríkissjóðs 1995

Fjárh. í milljörðum kr.	Fjárlög 1995	Flutn. f.f. ári	Frumvarp fjárukal.	Flutt til Samt.	Flutt til 1996	Áætluð útkoma	Fjárlög /útkoma
Tekjur	112,1		2,3	114,4	0,0	114,4	2,3
Gjöld	(119,5)	(1,5)	(3,4)	(124,4)	1,1	(123,3)	(3,8)
Tekjur umfram gjöld	(7,4)	(1,5)	(1,1)	(10,0)	1,1	(8,9)	(1,5)
Lánveiting nettó	(1,0)		(8,5)	(9,5)		(9,5)	(8,5)
Hluta- og stofnframl.	(0,5)		0,4	(0,1)		(0,1)	0,4
Viðskiptareikningar	(0,5)		0,0	(0,5)		(0,5)	
Afborgun lána	(12,5)		(0,4)	(12,9)		(12,9)	(0,4)
Heildarlánsfjárförf	(21,9)	(1,5)	(9,6)	(33,0)	1,1	(31,9)	(10,0)
Lántökur	21,9	1,5	9,6	33,0	(1,1)	31,9	10,0

Í frumvarpi til fjáraukalaga er óskað eftir 11,1 milljarðs króna viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum 1995, en ekki gert ráð fyrir að nýta nema 10,0 milljarða króna af henni. Í fjárlögum voru heimilaðar lántökur að fjárhæð 21,9 milljarðar króna vegna A-hluta ríkissjóðs og er því aukning á lántökum 45,7% á árinu. Auknar lántökur koma til vegna tveggja þátta. Annars vegar þarf ríkissjóður að endurlána til Húsnæðisstofnunar ríkisins allt að 8 milljarða króna, en við fjárlagaafgreiðslu var gert ráð fyrir að stofnunin myndi sjálf afla þessa fjár á innlendum markaði. Hins vegar kallar aukinn tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs á auknar lántökur að fjárhæð 1,5 milljarða króna og aðrar breytingar á efnahag ríkissjóðs hafa aukna fjárförf upp á 500 milljónir króna.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga janúar til júní 1995 sem birt var í júlímánuði sl. voru afkomuhorfur ríkissjóðs í árslok 1995 metnar. Var gert ráð fyrir að lánsfjárþörf ríkissjóðs yrði um 28,9 milljarðar króna, en nú gerir fjármálaráðherra ráð fyrir að hún nemi 31,9 milljörðum króna. Frávikid skýrist af því að nú er lánsfjárþörf Húsnæðisstofnunar áætluð 8 milljarðar króna í stað 6 milljarða króna í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þá gerir fjárukalagafrumvarpið ráð fyrir að tekjuhalli verði hálfum milljarði króna hærrí en í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar og að aðrar breytingar á efnahag leiði til viðbótarfjárþarfar upp á sömu fjárhæð.

Tekjur

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs eru skv. fjárlögum 1995 og frumvarpi til fjárukalaga áætlaðar muni nema 114,4 milljörðum króna sem er 2,3 milljörðum króna hærrí fjárhæð en fjárlög 1995 áformuðu. Til loka septembermánaðar sl. voru innheimtar tekjur A-hluta ríkissjóðs 80,4 milljarðar króna sem er 70,3% af áætluðum tekjum ársins.

Framangreind áætlun er í fjárhæðum nánast sú sama og Ríkisendurskoðun gerði í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga janúar til júní 1995, en þar var gert ráð fyrir að tekjuaukinn yrði á bilinu 2,0 - 2,5 milljarðar króna.

Gjöld

Fjárlög 1995 og frumvarp til fjárukalaga veita gjaldaheimildir að fjárhæð 124,5 milljarðar króna. Er það 4,9 milljörðum króna meira en fjárlög 1995 áformuðu eða sem nemur um 4,1%. Fjárlög 1995 gera ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 119,5 milljarðar króna. Til viðbótar er í frumvarpi til fjárukalaga annars vegar sótt um gjaldaheimild að fjárhæð 1,5 milljarðar króna vegna flutnings fjárheimilda frá fyrra ári og hins vegar er sótt um nýjar heimildir að fjárhæð 3,4 milljarðar króna vegna ársins 1995.

Tafla 13. Áætlun um gjaldaheimildir A-hluta ríkissjóðs á árinu 1995

Fjárhæðir í m.kr.	Fjárlög 1995	Flutn. f.f. ári	Millif. v/launabr.	Frumvarp til fjárl.	Alls	%
-------------------	-----------------	--------------------	-----------------------	------------------------	------	---

Æðsta stjórn ríkisins	1.276,7	14,6	7,6	58	1.356,9	6,3
Forsætisráðuneyti	523,8	299,8	18,2	19	860,8	64,3
Menntamálaráðuneyti	16.943,6	163,9	304,3	103,3	17.515,1	3,4
Utanríkisráðuneyti	1.787,5	70,0	25,3	114,4	1.997,2	11,7
Landbúnaðarráðuneyti	6.912,9	7,1	48,2	21	6.989,2	1,1
Sjávarútvegsráðuneyti	1.110,9	42,2	30,3	14,7	1.198,1	7,8
Dóms- og kirkjum.rn.	5.744,0	296,2	68,1	35	6.143,3	7,0
Félagsmálaráðuneyti	9.328,6	195,7	96,0	223,8	9.844,1	5,5
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	46.227,9	85,4	311,4	2334,6	48.959,3	5,9
Fjármálaráðuneyti	18.348,9	299,4	(958,1)	188,4	17.878,6	(2,6)
Samgönguráðuneyti	9.182,8	29,6	7,1	230	9.449,5	2,9
Iðnaðarráðuneyti	1.090,7	24,4	10,7	40,3	1.166,1	6,9
Viðskiptaráðuneyti	173,3	5,5	1,8	14,1	194,7	12,3
Hagstofa Íslands	148,6	0,8	2,0	0	151,4	1,9
Umhverfisráðuneyti	728,1	13,9	27,2	2,5	771,7	6,0
	<u>119.528,3</u>	<u>1.548,5</u>		<u>3.399,1</u>	<u>124.475,9</u>	<u>4,1</u>

Eins og fram hefur komið eru gjaldaheimildir fjárlaga 1995 að viðbættum heimildum fjárukalagafrumvarpsins 1,1 milljarði króna hærrí en fjármálaráðherra hyggst nýta.

Í frumvarpi til fjárukalaga 1995 sem hér er til umfjöllunar er gert ráð fyrir 3,8 milljarða króna viðbótargjöldum. Er það svipuð fjárhæð og var búið að greiða umfram áætlun í septemberlok. Af þessu má ráða að stór hluti þeirra viðbótargjalda sem fjárukalagafrumvarpið gerir ráð fyrir hafa þegar komið fram í lok september 1995.

Tafla 14. Samanburður fjárukalaga og umframgreiðslna

Fjárhæðir í m.kr.	Fjárukal. frumvarp	Umframgr. sept. 1995	Mismunur
Æðsta stjórn ríkisins	58	65,0	(7,0)
Forsætisráðuneyti	19,0	50,0	(31,0)
Menntamálaráðuneyti	133,3	534,0	(400,7)
Utanríkisráðuneyti	114,4	102,0	12,4
Landbúnaðarráðuneyti	21,0	25,0	(4,0)
Sjávarútvegsráðuneyti	14,7	26,0	(11,3)
Dóms- og kirkjum.rn.	35,0	45,0	(10,0)
Félagsmálaráðuneyti	463,8	559,0	(95,2)
Heilbrigðis- og trygg.m.rn.	2.334,6	1.812,0	522,6
Fjármálaráðuneyti	288,4	326,0	(37,6)
Samgönguráðuneyti	230,0	61,0	169,0
Iðnaðarráðuneyti	40,3	34,0	6,3
Viðskiptaráðuneyti	14,1	13,0	1,1
Hagstofa Íslands	0,0	3,0	(3,0)
Umhverfisráðuneyti	10,5	27,0	(16,5)
Alls	<u>3.777,1</u>	<u>3.682,0</u>	<u>95,1</u>

Helstu umframgreiðslur hjá æðstu stjórn ríkisins eru vegna Bessastaða og Alþingis. Hjá forsætisráðuneyti eru það ýmis verkefni og embætti Húsameistara ríkisins sem hafa greitt umfram áætlanir.

Umframgreiðslur hjá menntamálaráðuneyti eru að meginhluta tilkomnar vegna þess að ráðuneytið hefur ekki enn þá skipt ýmsum safnliðum á einstaka stofnanir. Ráðuneytið var með óhafin framlög að fjárhæð 750 milljónir króna í lok september sem ganga að hluta á móti umframgreiðslum. Umframgreiðslur hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eru tilkomnar vegna lífeyris- og sjúkratrygginga og sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fjármálaráðuneyti eru það vaxtagreiðslur sem orðið hafa hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir í lok septembermánaðar.

Í frumvarpi til fjáráukalaga er lagt til að lækka gjaldaheimildir hjá mennta-, félags-, fjármála- og umhverfissráðuneyti um samtals 378 milljónir króna.

Tafla 15. Samanburður fjáráukalaga og lækkun gjaldaheimilda

Fjárhæðir í m.kr.	Janúar - sept.		1995	Fjárh.	Notað	Frumv. fj.aukal.
	Greitt	Fjárh.	Mism.	1995	í %	
Lánasjóður isl. námsm.	1.378,5	1.429,1	(50,6)	1.474,1	93,5	(30,0)
Húsaleigubætur,	159,4	239,0	(79,6)	320,0	49,8	(180,0)
Ábyrgðarsjóður launa	151,2	298,8	(147,6)	400,0	37,8	(60,0)
Uppbætur á lífeyri,	661,8	765,6	(103,8)	870,0	76,1	(100,0)
Skipulagsstjóri ríkisins	12,2	54,8	(42,6)	60,0	20,3	(8,0)
	2.363,1	2.787,3	(424,2)	3.124,1	75,6	(378,0)

Í frumvarpinu er lagt til að lækka gjaldaheimildir hjá 5 stofnunum eða viðfangsefnum að fjárhæð 378 milljónir króna eins og að framan er getið. Á sama tíma má ætla að í árslok geti allt að 1,5 milljarður króna af fjárheimildum verið ónýttur og að hluta ónýttra heimilda verði ekki leitað eftir að flytja til næstu ára.

Eins og fram hefur komið má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1995 verði um 123,3 milljarðar króna sem er 3,8 milljarða hækkun frá fjárlögum. Þetta er heldur meira en Ríkisendurskoðun áætlaði í júlí, en þá var gert ráð fyrir að gjöldin myndu aukast um 3,0-3,5 milljarða. Í megindráttum er raunveruleg útkoma þó í samræmi við það sem talið var um mitt ár. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjáráukalaga er leitað heimilda til að mæta þessum útgjaldaauka. Vegna gjalda er sem fyrr segir sótt um 4,9 milljarða króna og er 1,5 milljarður vegna fjárveitinga sem fluttar eru frá árinu 1994, en 3,4 milljarðar eru nýjar heimildir vegna ársins 1995.

Miðað við þá fjárheimild sem sótt er um og líklega útkomu varðandi gjöld ríkissjóðs á árinu liggur fyrir að 1,1 milljarður króna stendur út af í árslok sem vannýtt heimild. Miðað við þá venju sem skapast hefur er sennilegt að leitað verði eftir því á næsta ári að flytja hluta þessarar vannýttu heimildar yfir á árið 1996. Í þessu sambandi er

eðlilegt að spurt sé hvers vegna sótt er um hærri aukafjárveitingu en útlit er fyrir að þörf sé á og jafnframt hvort ekki sé rétt að taka ákvörðun um flutning fjárheimilda yfir á 1996 við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, en ekki með fjárukalögum sem lögð verða fyrir þingið á næsta ári. Á þessu geta reyndar verið réttmætar skýringar svo sem að fjárheimildir séu ekki skornar af stofnunum enda þótt útlit sé fyrir að þær verði ekki nýttar. Þá þarf að afgreiða fjárlög fyrir áramót áður en endanleg greiðsluafkoma fyrir árið liggur fyrir.

Ríkisendurskoðun leggur ekki mat á þær tillögur um aukafjárveitingar sem fyrir liggja enda hefur stofnunin ekki skoðað einstök útgjaldatalefní. Engu að síður er rétt að gera hér nokkra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem telja verður eðlilegt að gildi í þessum efnum.

- Þegar sótt er um aukafjárveitingar í fjárukalögum verður að gera kröfu til þess að beiðnir séu vel rökstuddar. Sérstaklega er ástæða til að fram komi hvers vegna útgjöld urðu ekki séð fyrir þegar gildandi fjárlög voru sett þannig að afgreiða hefði mátt fjárheimildir í tengslum við setningu þeirra.
- Eins og málum er háttað í dag er í ýmsum tilvikum sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til. Af þessu leiðir að staðfestingu Alþingis á fjárukalögum svipar meira til formsatriðis heldur en að þinginu sé gefinn raunverulegur kostur á að samþykkja eða hafna útgjöldum. Eðlilegt má telja að fjármálaráðherra sæki um fjárheimildir til Alþingis strax og tilefni gefst og að Alþingi afgreiði slík frumvörp með skjóttum hætti.
- Að því er varðar flutning van- og ofnýttara fjárheimilda á milli ára er eðlilegt að ganga út frá því að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þar eru tilgreindar. Í flestum tilvikum má þá gera ráð fyrir að stofnanirnar nýti fjárheimildir sínar innan ársins. Sérstakar aðstæður geta hins vegar leitt til þess að útgjöld sem reiknað var með á árinu frestist til þess næsta (eða að ófyrirséð útgjöld falli til á árinu). Í því sambandi þarf að huga vel að því hvort fjárheimild stofnunar hafi einfaldlega verið of há miðað við eðlilegan rekstur á henni og fella heimildina þá niður. Eins kann að vera að hjá stofnun hafi verið stofnað til of mikilla útgjalda og því sé lagt til að hún byrji nýtt fjárhagsár í skuld. Sé því svo farið er nauðsynlegt að fram komi hvort ætla megi að stofnunin geti hagrætt í rekstri til að mæta skertri fjárveitingu, eða hvort beinlínis sé ætlast til að dregið verði úr starfseminni.

Við gerð frumvarps til fjárukalaga metur fjármálaráðuneytið hvaða fjárheimildir lagt er til að flytjist á milli ára. Árið 1992 var lagt til að um 49% ónýttar fjárheimildar flyttust til næsta árs, árið 1993 var hlutfallið um 69%, en 55% árið 1994.